

Tillögur Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að viðmiðunarstarfsreglum um greiningu og íhlutun vegna barna með sértækar málproskaraskanir

- Tillögurnar ná til alvarlegra frávíka í málþroska sem eru líkleg til að valda hömlun og hafa áhrif á aðlögun og þátttöku og krefjast íhlutunar á leikskólaaldri. Hér er því ekki fjallað um væga tímabundna seinkun eða væg frávik í málþroska eins og ýmis konar framburðarferfiðleika.
- Við greiningu sértækra málproskaraskana þarf að útiloka þroskahömlun og staðfesta seinkun í málþroska með þroskamælingum. Í þessu skyni eru notuð viðurkennd þroskaþróf til að mæla vitsmunþroska og málþroska. Þessar þroskamælingar fara fram hjá sálfræðingum og talmeinafræðingum. Þá þarf að styðjast við hegðunarmatslista sem bæði eru fylltir út af foreldrum og kennurum.
- Greiningin þarf að vera þverfagleg og að henni koma barnalæknir, sálfræðingur og talmeinafræðingur, auk annarra sérfræðinga eftir þörfum, s.s. iðjuþjálfari, sjúkraþjálfari, sérkennari og barnageðlæknir. Mikilvægast er að útiloka heyrnarskerðingu og taugasjúkdóma. Við mismunargreiningu þarf einnig að hafa í huga þroskahamlanir, raskanir á einhverfurófi og sjaldgæf flogaveikiheilenni sem geta birst sem afturför í málþroska.
- Greining á vanda barna með sértækar málproskaraskanir ætti að eiga sér stað hjá sérfræðingum og stofnunum á 2. þjónustustigi, s.s. hjá Miðstöð heilsuverndar barna, barnadeild FSA, ráðgjafarþjónustu og greiningarteymum sveitarfélaga (leikskólar, grunnskólar, félagsþjónusta), sjálfstætt starfandi sérfræðingum og Heyrnar- og talmeinafræðingum Íslands.
- Almenna reglan er sú að börn með svokallaðar sértækar málproskaraskanir heyra ekki undir þjónustukerfið sem sinnir málefnum fatlaðra og eru þau þar með ekki skjólstæðingar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR). Einungis skal vísa börnum með alvarleg frávik í málþroska á GRR þegar grunur er um þroskahömlun, röskun á einhverfurófi, afturför í málþroska eða að heyrnarskerðing og málhömlun fari saman.
- Mikilvægt er að vísa í talþjálfun hjá talmeinafræðingi snemma á æviskeiði barns auk þess sem markviss málörvun þarf að eigi sér stað í leikskóla. Í leikskóla þarf fagfólk að vera vakandi yfir félagslega þættinum og tryggja að börnin fái tækifæri til að nýta sér nýja færni í samskiptum við skólafélagana í leik og starfi. Þekking sú sem verður til innan leikskólanna og varðar þjónustu við þessi börn þarf að flytjast áfram upp á næsta skólastig.
- Þroski og þroskamynstur hjá börnum getur breyst eftir því sem þau eldast. Þess vegna þarf að fylgja börnum með málproskaraskanir eftir með endurteknum þroskamælingum. Hafi frumgreining farið fram snemma á leikskólaárunum, er mikilvægt að endurtaka þroskamælingar og fylla út hegðunarmatslista fyrir upphaf grunnskólagöngu.
- Börn á leikskólaaldri með alvarlegar málproskaraskanir, sérstaklega málskilningsraskanir, lenda mörg í námserfiðleikum í grunnskóla og þeim er hættar við geðröskunum heldur en jafnöldrum. Það er því mikilvægt að þessum börnum sé fylgt eftir fram á unglingsár.

(Sjá einnig sérstakt skjal sem fjallar um forsendur þessara tillagna)